

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi skulu eigendur sumarhúsa og íbúðarhúsa greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007, um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Þróargjald fyrir árið 2007 skal vera kr. 5.000 fyrir hvert íbúðarhús, hvert sumarhús og annað húsnæði þar sem skylt er að hafa rotþró.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 1. febrúar 2007, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Kjósarhreppi, 9. mars 2007.

Sigurbjörn Hjaltason oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2007